

## **Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 8. janúar 2019.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.00 og lauk kl. 18.25.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Viðar Halldórsson, Ingvar Kristinsson, Hörður Þorsteinsson, Jóhann Óskar Borgþórsson, Ragnar Hilmarsson og Karl Georg Klein. Forföll: Magnús Gunnarsson og Sveinn Sigurbergsson.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundir janúar – maí 2019**

Stjórnarfundir eru þriðjudagana 8. janúar, 5. febrúar, 5. mars, 2. apríl og 14. maí hjá nýrri stjórn ÍBH, fundirnir hefjast kl. 17.00. 74. Íþróttaping ÍSÍ fer fram dagana 3. – 4. maí nk. og verður haldið á höfuðborgarsvæðinu. 51. þing ÍBH verður haldið laugardaginn 11. maí nk. í Hafnarfirði.

#### **2. Styrkur til ritunar á meistaraprófsritgerð við háskóla um áhrif hvata á gæði íþróttastarfs**

Bréf frá Rio Tinto, ÍBH og Hafnarfjarðarbæ kynnt. Rio Tinto, ÍBH og Hafnarfjarðarbær hafa áhuga á því að láta rannsaka hver áhrif íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára eru og hvort innbyggðir hvatar samningsins milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar séu að skila tilætluðum árangri. Styrkurinn er veittur til einstaklinga sem vinna að lokaverkefni til meistaranáms, að lágmarki 30ETCS einingar við íslenskan eða erlendan háskóla. Styrkurinn nemur kr. 500.000.

#### **3. Aðildarumsókn að ÍBH**

Bílaklúbbur Hafnarfjarðar, Gjótuhrauni 7, 220 Hafnarfirði óskar eftir inngöngu í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar. Í 3. gr. laga félagsins er tilgangur félagsins talinn upp. Hann er m.a., stuðla að varðveislu gamalla bifreiða og annarra ökutækja, standa fyrir bílasýningum og viðburðum sem tengjast akstursíþróttum og að efla samstöðu og kynni við önnur sambærileg innlend og erlend félagasamtök. Stjórn ÍBH hafnar inngöngunni með þeim rökstuðningi að það sé ekkert íþróttatengt í lögum félagsins.

#### **4. Ráðstefna um íþróttir og ofbeldi í HR 30. og 31. janúar nk.**

Bréf um ráðstefnuna lagt fram til kynningar. Ráðstefnan er haldin í tengslum við Reykjavík International Games (RIG). Upplýsingarnar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH.

#### **5. Skipting íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára 2018**

Árið 2018 var samtals úthlutað kr. 20.000.000 til aðildarfélaga ÍBH út frá samningi milli Hafnarfjarðarbæjar, Rio Tinto og ÍBH. Eftirtalin félög hlutu styrki úr sjóðnum: Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 5.268.005.  
Fimleikafélagið Björk kr. 3.259.309.  
Knattspyrnufélagið Haukar kr. 3.489.928.  
Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 1.383.663.  
Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 1.363.116.  
Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 1.673.516.

Golfklúbburinn Keilir kr. 851.755.  
Hestamannafélagið Sörli kr. 1.189.917.  
Dansípróttafélag Hafnarfjarðar kr. 716.929.  
Siglingaklúbburinn Þytur kr. 365.637.  
Íþróttafélagið Fjörður kr. 294.597.  
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar kr. 143.628.

#### **6. Úthlutanir úr Afreksmannasjóði ÍBH 2018**

Ferðastyrkir, með félagsliði 71 umsókn kr. 1.775.000, með landsliði 76 umsóknir kr. 2.280.000, fararstjórastyrkir 20 umsóknir kr. 1.600.000. Samtals kr. 5.655.000. Afreksstyrkir unglinga og ungmenna 14 umsóknir kr. 980.000. Afreksstyrkir fullorðnir 27 umsóknir kr. 1.890.000 og Evrópukeppni félagsliða 5 umferðir kr. 3.440.000. Heildarúthlutanir kr. 11.965.000. Tekjur sjóðsins 2018 voru kr. 12.000.000, kr. 10.500.000 frá Hafnarfjarðarbæ og kr. 1.500.000 frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar. Mikill fjöldi umsókna barst sjóðnum rétt fyrir og um áramót sem tilheyrta árinu 2018, nemur upphæð umsóknanna u.þ.b. 2 milljóna króna, verður upphæðin skuldfærð á árið 2018 í sjóðnum. Fundur stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH verður haldinn síðar í janúar.

#### **7. Allsherjarnefnd 51. þings ÍBH 2019**

Samþykkt að Ingvar Kristinsson verði formaður allsherjarnefndar þingsins, að fastamenn verði skipaðir sem fyrst og að nefndin hefji undirbúningsfundi. Aðrar þingnefndir ræddar og framkvæmdastjóra ÍBH falið að ræða við stjórnarmenn og aðildarfélögin um fastamenn í nefndum milli stjórnarfunda ÍBH.

#### **8. Heimsóknir 2019**

Ákveðið að bjóða, Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar, Dansípróttafélagi Hafnarfjarðar og Golfklúbbnum Setberg á stjórnarfund í febrúar og að fundurinn verði haldinn í félagsaðstöðu Fimleikafélagsins Björk. Ákveðið að bjóða Hjólreiðafélaginu Bjarti, Akstursípróttafélagi Hafnarfjarðar og Hestamannafélaginu Sörli á stjórnarfund í mars og að fundurinn verði haldinn hjá Hestamannafélaginu Sörli. Stjórn ÍBH stefnir að fundi með ÍBR eftir miðjan febrúar nk.

#### **9. Önnur mál**

a). HM kynnti stjórnarbreytingar í stjórn ÍBH. Karl Georg Klein varamaður kemur inn í stjórn ÍBH í staðin fyrir Þórunni Ansnes.

b). JÓB vakti athygli á alþjóðlegu móti sem heitir International Childrens Games, sem er sveitarfélagakeppni undir Ólympíuhreyfingunni. Þjóðum er boðið að senda takmarkaðann fjölda keppenda á þessa leika. ÍBA og ÍBR hafa verið að senda keppendur á þessa leika. JÓB ætlar að kynna mótið betur á næsta stjórnarfund ÍBH.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.